

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. júní 2023 vegna auglýsingar á tillögu að breyttu deiliskipulagi – Háskóli Íslands, Vísindagarðar

Góðan dag, það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi vegna Háskóli Íslands, Vísindagarðar, birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 16. júní 2023. Tillagan er í kynningu frá 16. júní 2023 til og með 28. júlí 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: skipulagsgatt.is.

Háskóli Íslands, Vísindagarðar Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 26. apríl 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 11. maí 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða. Í tillögunni sem lögð er til felst stækkun skipulagssvæðis utan um nýja lóð sem fær bókstafinn N. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **16. júní 2023 til og með 28. júlí 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 28. júlí 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu ☀️
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið 🌊

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is